

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-27/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur vegna þjónustunnar, verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. maí. Með bréfi, dags. 11. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og og bárust þær hinn 19. maí. Með bréfi, dags. 26. maí, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 9. júní. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 9. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að í september 2015 fór álitsbeiðandi með bifreið sína, xx-000, á verkstæði hjá seljanda. Vildi álitsbeiðandi láta seljanda fara yfir bremsur og skipta um pakkningu vegna olíuleka. Þegar álitsbeiðandi sótti bifreiðina, 3-4 dögum síðar, var honum gert að greiða kr. 39.217 fyrir þjónustuna. Sá álitsbeiðandi strax að olíulekinn var enn til staðar. Við nánari skoðun segir álitsbeiðandi að hann hafi séð að ekkert hafi verið átt við bifreiðina. Fór álitsbeiðandi þá í kjölfarið, hinn 7. september 2015, og keypti bremsudiska að aftan, sem og klossa fyrir kr. 17.356 hjá varahlutaverslun. Fór álitsbeiðandi síðan aftur á sama verkstæði og áður og bað starfsmann þar að líta á bifreiðina og spurði hann hvort honum þætti þetta allt í lagi. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður seljanda hafi sagt svo ekki vera. Þegar álitsbeiðandi var búinn að segja starfsmanni seljanda að hann væri búinn að kaupa diska og klossa, bókaði starfsmaðurinn bílinn aftur inn og setti umrædda hluti í. Daginn eftir kom álitsbeiðandi aftur á verkstæðið og spurði hvort ekki væri hægt að klára málið, og laga reikninginn. Segir álitsbeiðandi þá að starfsmaður seljanda hafi sagst ekki ætla að borga neitt til baka.

Krefst álitsbeiðandi þess að reikningur seljanda, að fjárhæð kr. 39.217, verði felldur niður. Meðfylgjandi álitsbeiðni er reikningur fyrir einum bremsuklossa og hemlasetti, dags. 7. september 2015, að fjárhæð kr. 17.356 sem og handskrifaður reikningur frá seljanda, dags. 12. ágúst 2015 að fjárhæð kr. 39.217, en á reikningnum, sem er sundurliðaður eru eftirtaldir liðir: klossar fr. kr. 5.790, klossar af. kr. 4.590, pakkdós kr. 2.337, olía kr. 2.500, ferð + lyfta kr. 3.000 og vinna kr. 21.000.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur það fram að seljandi vilji ná sáttum í málinu.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram ítrekun um að álitsbeiðandi vilji að umræddur reikningur sé endurgreiddur og að álitsbeiðandi láti málið falla niður, verði það gert.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir 42/2000 um þjónustukaup.

Eins og að framan er rakið fór álitsbeiðandi með bifreið sína, xx-000, á verkstæði seljanda hinn, að því verður ráðið af gögnum málsins, líklega 7. eða 8. ágúst 2015. Segist álitsbeiðandi hafa óskað eftir því við seljanda að farið yrði yfir bremsur og skipt um pakkningu vegna olíuleka. Skv. handskrifuðum reikningi seljanda, dags. 12. ágúst 2015, var skipt um bremsuklossa að framan og aftan, ásamt því að skipt var um pakkdós. Er fjárhæð reikningsins kr. 39.217. Fullyrðir álitsbeiðandi að ekkert af þessu hafi hins vegar verið gert. Því hefur seljandi í sjálfu sér ekki mótmælt. Hinn 7. september 2015 keypti álitsbeiðandi síðan einn bremsuklossa og hemlasett af varahlutaverslun og fór í kjölfarið aftur á verkstæði seljanda og setti seljandi umrædda varahluti undir bifreiðina og virðist hann ekki hafa gefið út reikning vegna þess.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að reikningur seljanda að fjárhæð kr. 39.217, verði felldur niður.

Sem fyrr segir gilda lög nr. 42/2000 um þjónustukaup um viðskipti aðila. Þar segir m.a. í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. að seld þjónusta teljist gölluð ef árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. Í 5. tölul. sömu mgr. segir einnig að seld þjónusta teljist gölluð ef árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytandann eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda. Í 4. gr. laganna, sem vísað er til í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr, segir síðan m.a.: „Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. [...]“

Fullyrðing seljanda um að í raun hafi seljandi ekkert gert við bifreiðina í ágúst 2015, en engu að síður gert sér reikning vegna þjónustu að fjárhæð kr. 39.217 stendur óhöggud, þar sem henni hefur ekki verið mótmælt. Er að þessu leyti því um að ræða galla á þjónustunni í skilningi 1. tölu. 1. mgr. 9. gr. laganna. Hins vegar liggur fyrir í málsatvikalýsingu að hvað varðaði bremsubúnað bifreiðarinnar, mun seljandi hafa, í september 2015, lagfært þann búnað og sett undir bifreiðina varahluti þá sem álitsbeiðandi keypti hinn 7. september. Verður að líta það sem úrbætur af hálfu seljanda í skilningi 11. gr. laganna, jafn langt og það náði. Eftir stendur að olíuleki mun ekki hafa verið lagfærður, þrátt fyrir að rukkað hafi verið fyrir pakkdós og olíu í reikningi seljanda, samtals kr. 4.837. Eins verður þá að líta á sem svo að varahlutir sem seljandi rukkaði fyrir vegna viðgerðar á bremsum hafi aldrei verið notaðir, en sá liður nemur kr. 10.380. Verður þannig ekki hægt að fallast á kröfu seljanda um fulla endurgreiðslu á umræddum reikning, sem í raun er riftunarkrafa skv. 14. gr. sömu laga. Á álitsbeiðandi hins vegar kröfu um afslátt af reikningi seljanda og er sá afsláttur rétt metinn kr. 20.000.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu

haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 20.000

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson